



Trúfrelsi á Íslandi

Fundur Innanríkisráðuneytis í Iðnó – 7. mars 2012

Ég vil byrja á því að þakka Innanríkisráðherra og ráðuneyti hans fyrir að standa að mótun landsáætlunar í mannréttindamálum og í framhaldi af því að standa að fundi sem þessum.

Mig langar að nálgast trúfrelsisumræðuna út frá sjónarhóli Siðmenntar, en eins og komið hefur fram er ég varaformaður félagsins. Á Alþingi liggur fyrir frumvarp um breytingu á lögum um skráð trúfélög. Verði það að lögum tel ég stórt skref stigið í átt til aukins trúfrelsis. Frumvarpið gerir ráð fyrir að veraldleg lífsskoðunarfélög fái jafnan rétt á við trúfélög.

Þau atriði sem mig langar að ræða við ykkur eru í fyrsta lagi um trúfrelsi. Síðan aðeins um hugtakið lífsskoðun. Og til þess að þið þurfið ekki að bíða eftir endurminningum mínum þá mun ég fara yfir þá vegferð sem Siðmennt hóf fyrir rúmum tíu árum að vinna að jafnræði lífsskoðana. Það má til sanns vegar færa að þetta verkefni er dæmigert fyrir vinnubrögð félagsins – að sækja fram með mál sín á hófstílltan og yfirvegaðan hátt og ekki má gleyma þolinmæðinni. Að lokum ætla ég að stuttlega ræða ástæður þessara vegferðar – þ.e. hvers vegna að sækjast eftir jafnræði lífsskoðana.

Hvað er trúfrelsi?

Ég ætla að láta 9 grein Mannréttindasáttmála Evrópu svara þeirri spurningu, en þar er ítarleg skilgreining á hugsana- samvisku og trúfrelsi en hún hljómar svona:

1. Sérhver maður á rétt á að vera frjáls hugsana sinna, samvisku og trúar. Í þessu felst frelsi manna til að breyta um trú eða sannfæringu svo og til að rækja trú sína eða sannfæringu, hvort heldur einslega eða í samfélagi með öðrum, opinberlega eða á einkavettvangi, með guðsþjónustu, boðun, breytni og helgihaldi.

2. Frelsi manna til að rækja trú sína eða sannfæringu skal einungis háð þeim takmörkunum, sem lög mæla fyrir um og nauðsyn ber til í lýðræðislegu þjóðfélagi vegna almannaheilla, til verndar allsherjarreglu, heilsu manna eða siðgæði eða rétti og frelsi.

Við sjáum þess stað í alþjóðlegri umræðu um mannréttindi og í samþykktum mannréttindasáttmála og síðan en ekki síst í dómum um mannréttindi að þegar rætt er um trúfrelsi þá er verið að tala ekki einungis um trú heldur sannfæringu og heimspekikeningar – það er ekki bara rétturinn til að iðka trú sína heldur líka réttur frá trú. Trúleysi eða skoðun byggð á heimspekilegum grunni er því rétthá trú.

En hvaða svið frelsisins er verið að tala um þegar rætt er um trúfrelsi?

Að mínu áliti eru þar séu aðallega tveir þættir sem ég vil minna á. Í fyrst lagi er það frelsið sem felst í fyrrnefndri grein 9. grein rétturinn til að iðka trú sína og ekki síður að lifa án trúar. Í öðru lagi tel ég að aðskilnaður ríkis og kirkju sé sá hluti trúfrelsi sem verður meira til umræðu á næstu árum.

Ég staðhæfi að hér á landi sé veraldlegt samfélag. Veraldlegt í þeim skilningi að löggjafinn, dómsvaldið og opinber rekstur hvers konar hvort sem um er að ræða sjúkrahús eða skóla, er ekki háð eða tengt trúarkenningum. Almennigur á að geta verið öruggur um að starfssemi á vegum sveitarfélaga og ríkis mótist ekki af lífsskoðun. Foreldrar eiga til dæmis að vera öruggir með að fá að ala börn sín upp í þeirra eigin lífsskoðun en eiga ekki á hættu að verið sé að halda einhverri annarri lífsskoðun að barni þeirra og í þessu sambandi á ég við um trúboð í leik- og grunnskólum.

Hvað er þá lífsskoðun?

Mig langar aðeins að fara út í hugtakalýsingu þar sumstaðar ber á misskilningi um hvað lífsskoðun og lífsskoðunarfélag sé og er það ekki óeðlilegt. Þó svo að Halldór Kiljan Laxness hafi rætt um húmanisma sem lífsskoðun er ekki hægt að ætlast til að allir hafi skýra mynd um hana. Mig langar því að ræða við ykkur þær skilgreiningar sem Siðmennt styðst við og sjá má að hluta í frumvarpi innanríkisráðherra.

Lífsskoðun er skoðun um mál er varða innsta kjarna okkar sem siðferðisverur og afstöðu til lífsins. Sambærilegt hugtak á ensku er *life stance*, þ.e. afstaða eða sjónarhóll til lífsins.

Og þá – hvað er lífsskoðunarfélag?

Í grunninn til má skilgreina lífsskoðunarfélög sem félög sem hafa eftirfarandi að viðfangsefnum sínum:

1. Siðfræði og siðferðislega breytni.

Trúarleg lífsskoðunarfélög innihalda trú á æðri mátt og að sá máttur leiðbeini hinum trúuðu um hvað sé rétt og hvað sé rangt. Einkennandi eru trúarrit og trúarleiðtogar sem segja til um hvað sé siðsamlegt.

Veraldleg lífsskoðunarfélög eins og Siðmennt byggja siðferðisstefnu sína á vitrænni veraldlegri nálgun. Reynt er að finna út hvað sé besta siðferðið út frá rökræðunni og bestu hugsun í akademískri siðfræði hverju sinni. Gefnar eru út stefnur sem fólk sammælist um en engin rit eru algild og leiðtogar eru ekki afgerandi eða endilega kennimenn.

2. Félagslegar tímamótaathafnir fjölskyldna. Nafngjafir, fermingar, giftingar og útfarir má halda á bæði trúarlegan og veraldlega siðrænan máta.

Siðmennt hefur boðið upp á félagslegar athafnir fjölskyldunnar frá 1989 er fyrsta borgaralega fermingin átti sér stað og fermdust þá sextán börn. Árið 2012 fermast á vegum Siðmenntar 215 ungmenni, um 5% allra fermingarbarna á Íslandi, í sjö mismunandi athöfnum á fimm stöðum á landinu. Frá 2008 hefur félagið annast 30 giftingar, 11 útfarir og 32 nafngjafir á veraldlegan og siðrænan hátt.

3. Þekkingarfræði. Þ.e. afstaða til þess hvað telst gild þekking og hvernig heimsmyndin er. Áður fyrr hafði kristnin mikil afskipti af þekkingarfræðinni og í raun hélt henni í ægigreipum um aldir. Enginn mátti voga sér að efast um sköpunarsöguna eða jarðmiðjukenninguna. Staðan í dag er allt önnur.

Eitt af grundvallar markmiðum Siðmenntar, en það var stofnað 15. febrúar 1990, hefur verið trúfrelsi og skoðanafrelsi. Úr stefnuskrá Siðmenntar má lesa:

Siðmennt byggir starfsemi sína og lífssýn á siðrænum húmanisma (manngildishugsjóninni), sem er lífsviðhorf óháð trúarsetningum. Maðurinn sjálfur er ábyrgur fyrir velfarnaði sínum, ekki “æðri máttarvöld”. Félagið aðhyllist siðrænan, veraldlegan húmanisma sem styður manngildi, sæmd og sjálfsákvörðunarrétt hvers einstaklings og rétt hvernar mannveru til að njóta frelsis svo lengi sem það brýtur ekki í bága við rétt og frelsi annarra.

Hér er því grunnur Siðmenntar þ.e. lífsskoðunarfélag sem byggir á heimspeki og siðferði.

Þrautaganga Siðmenntar

Fyrir rúmum tíu árum síðan hóf Siðmennt það ferli sem vonandi sér fyrir endann á með samþykkt frumvarps innanríkisráðherra. Mig minnr að það hafi verið á aðalfundi 2002 sem samþykkt var að sækja um skráningu á grundvelli þáverandi og núverandi laga um skráð trúfélög. Töluverð umræða hafði átt sér stað innan Siðmenntar þar sem rætt var hvort yfir höfuð ætti að sækja um. Nokkrir félagsmenn töldu full langt gengið að sækja um á grundvelli laganna þar sem Siðmennt væri ekki trúfélag.

Með bréfi dagsettu 3. júní 2002 er óskað skráningar og fyrsta höfnun skráningar er dagsett 5. júlí, þannig að hraðar hendur hafa verið í nefndinni sem fjallaði um slíkar umsóknir. Höfnun nefndarinnar byggir á því að Siðmennt er ekki trúfélag. Í svarbréfinu telur nefndin:

„ . . .að ekki verður talið að Siðmennt teljist félag sem leggi stund á átrúnað eða trú sem tengja má við þau trúarbrögð mannkyns. . . „

Um þetta atriði vorum við svo sem sammála nefndinni. Einnig segir:

„Ennfremur má benda á ákvæði 2. mgr. 3. gr. laganna þar sem m.a. er gert að skilyrði, að í félaginu sé kjarni félagsmanna sem reglulegar iðka trú sína í samræmi við kenningar þær sem félagið er stofnað um, o.s.frv.“

Ljóst er því að þar sem Siðmennt er ekki trúfélag og félagar þess iðka ekki trú sína er ósk félagsins hafnað.

Eftir töluverða yfirlegu var ákveðið að leggja vinnu í að yfirfara röksemdir og ný umsókn er dagsett 26. mars 2004. Nú ber svo við að svar berst ekki fyrr en rúmu ári síðar eftir tvær ítrekanir og niðurstaðan sú sama og engin breyting á röksemdafærslu nefndarinnar.

Ég tel rétt að velta upp þeirri hugsun sem ríkti innan Siðmenntar og hvað það var sem við töldum okkur geta vísað til í lögum um skráð trúfélög sem réttlætt gæti umsóknina. Afstaða var kannski þrákelknisleg en við töldum okkur hafa ákveðið haldreipi. Í 1. grein laga um skráð trúfélög segir:

1. gr. Trúfrelsi.

Rétt eiga menn á að stofna trúfélög og iðka trú sína í samræmi við sannfæringu hvers og eins. Eigi má þó fremja neitt sem er gagnstætt góðu siðferði og allsherjarreglu. Á sama hátt eiga menn rétt á að stofna félög um hvers konar kenningar og lífsskoðanir, þ.m.t. um trúleysi.

Árið 1999 var gerð breyting á lögnum þar sem bætt var við fyrstu greinina að menn hefðu rétt á að stofna lífsskoðunarfélög þ.m.t. um trúleysi sem vel að merkja er aðeins hluti af stefnu Siðmenntar. Þar með væri gert ráð fyrir veraldlegum lífsskoðunarfélögum. Þetta var haldreipi okkar. Það má kannski tala um einfaldni en við töldum að með breytingunni væri opnað fyrir veraldlegar hreyfingar.

Siðmennt fékk Oddnýju Mjöll Arnardóttur hdl. til að fara yfir málið og skoða stöðu Siðmenntar og er niðurstaða hennar skýr hvað varðar það að lögin taka einungis til trúarlegra lífsskoðunarfélaga. Hins vegar segir Oddný í greinagerð sinni:

Það er niðurstaða undirritaðrar að í ljósi framangreinds séu Siðmennt og “eiginleg trúfélög” í sambærilegri aðstöðu og eigi því lagalega kröfu til þess að njóta sambærilegrar meðferðar.

Oddný færði fyrir því rök sem sjá má á heimasíðu Siðmenntar en þar er skilmerkilega gerð grein fyrir ferlinu frá því að Siðmennt sendi inn fyrsta bréf með ósk um skráningu.

Mig langar að bæta því hér að systurfélag Siðmenntar í Svíþjóð, Humanisterna, fékk synjun við sambærilega ósk nú í nóvember á grundvelli þess að félagið væri ekki trúfélag og gengjust ekki fyrir

guðsþjónustu. Þannig að þar virðist sambærilegur lagarammi.

Mig langar einnig að upplýsa að Human-Etisk Förbund í Noregi, systursamtök Siðmenntar, hafa verið skráð sem lífsskoðunarfélag síðan 1981. Þau eru í dag stærsta lífsskoðunarfélagið utan þjókkirkjunnar með 80.000 félagsmenn.

Eftir síðari höfnunina ríkti ákveðin neikvæðni og ég man að ég var einn af þeim sem talaði fyrir því að höfða mál á hendur ríkinu til þess að ná málinu fram. Við skoðuðum þann möguleika allvarlega. Við fengum aftur á móti utanaðkomandi hvatningu að halda áfram og beina sjónum okkar að löggjafarvaldinu og í dag verð ég að segja að ég er afar þakklátur þeim ráðleggingum og að stjórn Siðmenntar ákvað að halda áfram að vinna að því.

Það hefur verið ákveðinn stígandi undanfarin 5-6 ár í að fá jákvætt álit stjórnámálanna. Vinstri græn og Samfylkingin samþykktu á landsfundum sínum stuðning við jafnræðiskröfuna. Einnig kom fram ákveðinn stuðningur úr öðrum flokkum bæði úr Framsókn og Sjálfstæðisflokki. Það er því von mín að sátt geti skapast um frumvarpið. Núverandi ríkisstjórn er sú fyrsta sem setur mannréttindamál fram í stefnuyfirlýsingu sinni og má segja að tónninn væri gefinn um framhaldið.

Hvers vegna jafnræði lífsskoðana?

Þá er komið að grundvallarspurningunni: Hvers vegna sækist Siðmennt eftir því að fá skráningu?

Því hefur stundum verið haldið fram af fólki sem ræðir kröfu Siðmenntar að einungis sé verið að sækjast eftir fjármagni úr ríkissjóði. Sú skoðun er í sjálfu sér ekki óeðlileg en margur heldur mig sig. Siðmennt hefur sótt þetta mál út frá þeirri forsendu að hér skuli ríkja trúfrelsi. Hluti af því er jafnræði lífsskoðana það er – lífsskoðun mín sem byggir á heimspekikerfi siðrænna húmanista er jafnréttá trúarlegri lífsskoðun kristinna, múslima eða ásatrúarmanna. Þetta er grunnstefið.

Hvað varðar fjármagn frá ríkinu í formi sóknargjalda, eins og það heitir, þá er það hluti af kerfinu. Fáir Siðmennt skráningu mun félagið að sjálfsögðu gangast undir öll réttindi og skyldur laganna. Ég vil því koma að þeirri staðreynd að Siðmennt hefur alltaf haft þá skoðun að ríkið eigi ekki að sjá um innheimtu og útdeilingu félagsgjalda einhverra félagasamtaka út í bæ. Sú skoðun stendur enn.

Lokaorð

Það er ljóst að frumvarp innanríkisráðherra er mikilvægt framfaraspör. Með samþykkt þess gefst Siðmennt tækifæri til skráningar til jafns við trúarleg lífsskoðunarfélög. Fyrir það er ég afar þakklátur að hafa náð þetta langt í málefni sem tekið hefur langan tíma að vinna að lausn. Það sér þó fyrir endann á því.

Fyrir Siðmennt er það eitt skref í átt til jafnræðis en fyrir Ísland er það stórt stökk í átt til aukinna mannréttinda!

Takk fyrir mig.